

Nr. 022 / 14 Birtingur NK 124***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1293
IMO 6821638
Smíðaður: Noregi 1968, stál
Stærð: 949 brl. 1467,6 bt.
Mesta lengd: 67,47 m Skráð lengd: 61,17m
Breidd: 10,9 m Dýpt: 8,05 m
Vél: Caterpillar 5420 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 12



Börkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. mars 2014 var Birtingur NK 124 á siglingu úr höfn frá Neskaupsstað. Veður: Hægviðri.

Skipið hafði verið að landa loðnu og var á leið á miðin aftur. Skipverjar voru að loka lestarlúgu nr. 1 en þar sem lúguhlerinn féll ekki að lúgukarminum þurfti að hífa hlerann til stjórnborða. Tveir skipverjar voru við verkið og notuðu krana stjórnborðsmegin við lúguna. Þegar skipverji sem var bakborðsmegin við lestartarminn sá að hlerinn féll niður á karminn smeygði hann tessa upp á klofa hlerans. Í því slaknaði á tildráttartauginni og hrökk þá lúgan yfir til bakborða og klemmdi löngutöng vinstri handar þess sem hélt um legg aftari tessans.

Skipinu var strax snúið að bryggju og slasaða komið á sjúkrahús en hann missti framan af fingri.

Við rannsókn kom fram:

- að lúguhlerinn á lest eitt opnast og lokast á tveimur lömum á fremri lestarlúgukarminum og leggst fram á þilfarið þegar hann er opnaður. Í hleranum er op (mannop) til að hleypa afla niður í lestina. Utan um þetta op yst á lestarlúguhleranum er hár karmur (trekt) sem tekur við aflanum á meðan hann rennur í lestina.

- að stjórnborðs lóm á lúguhleranum hafði aflagast og valdið skekkju á hleranum svo hann lagðist yfir til bakborða. Hann hafði verið í þessu ástandi um nokkurn tíma og bera myndir af löminni með sér að blettað hefur verið á karminn og lúguhlerann í kringum lömina, með málningu, en þar hefur eldri málning sprungið;
- að skipinu var búið að leggja en útgerðin gerði það út öðru hverju til að brúa toppa í sjósókn og var svo í þetta skipti. Flestir skipverjar höfðu verið á skipinu áður og sumir í áraraddir. En að sögn slasaða var hann að fara í sinn fyrsta túr á uppsjárveiðiskipi en hann var samt með langan sjómannsferil;
- að sögn vitna höfðu þeir verið búnir að reyna að hífa lúguhlerann yfir til stjórnborða með spili sem var bakborðs megin á þilfarinu og stjórnaði slasaði því. Þegar þeim tilraunum var hætt settu þeir, sem voru stjórnborðsmegin, taug í stb.afturhorn hlerans og tóku í hann með krananum sem slegið var út til stjórnborða. Skipverjarnir sögðust ekki hafa vitað hvað slasaði hafðist að bakborðsmegin við „trektina“. Einn skipverjinn taldi að þegar hlerinn hrökk til bakborða hafi ekki verið slakað á krananum heldur hafi hlerinn sveiflast upp og niður sökum átaksins sem var ekki alveg lárétt;
- að annað vitni sagði að skipverjar á þilfari séu búnir opnu samskiptakerfi í hjálmunum og ættu því að heyra hver í öðrum. Hann taldi að það hafi verið slakað á spennunni sem komin var og því hafi hlerinn hrokkið til baka. Koma þarf tessunum á lokið, á meðan spennu er haldið á tildráttartauginni, og skrúfa niður svo það hrökkvi ekki upp af karminum,
- að fljótlega eftir slysið var lúguhlerinn og lömin löguð svo hann félli eðlilega niður á lestarlúgukarminn.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til skemmda á stjórnborðslöm á lúguhlera.

Nefndin telur óboðlegt að ekki sé gert strax við það sem bilar.